

Þingskjal nr. 55

Flytjandi: Léttfeti, Stígandi, Svaði.

Lagt fyrir: Allsherjarnefnd Samþykkt

Tillaga

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, beinir því til stjórnar Landssambands hestamannafélaga að koma fram af þeim heiðarleika sem hestamönnum ber að sýna
og standa
við þá

ákvörðun sem tekin var að loknu formlegu umsóknarferli um staðarval Landsmóts hestamanna árið 2016, að halda mótið á Vindheimamelum í Skagafirði. Jafnframt að ný stjórn fylgi lögum Landssambands hestamanna og ljúki samningarviðræðum við Gullhyl um mótshald Landsmóts hestamanna árið 2016.

Tillaga B.

59. Landsþing Landssambands hestamannafélaga, haldið á Selfossi 17. og 18. október 2014, beinir því til stjórnar Landssambands hestamannafélaga að koma fram af þeim heiðarleika sem hestamönnum ber að sýna og standa við þá ákvörðun sem tekin var að loknu formlegu umsóknarferli um staðarval Landsmóts hestamanna árið 2016, og ljúki samningarviðræðum ef hægt er við Gullhyl um mótið.

Greinagerð

Landssamband hestmannafélaga (LH) auglýsti árið 2011 eftir stað undir landsmótin 2014 og 2016 og rann umsóknarfrestur um mótshald beggja móta út 30. Nóvember 2011. Meðal þeirra sem sóttu um að halda landsmót 2016 voru hestamannafélögin í Skagafirði sem buðu fram Vindheimamela í Skagafirði, sem er sá staður sem landsmót hestamanna hafa oftast verið haldin á. Samþykkti stjórn LH á fundi sínum 19. desember 2011 að mótið 2016 skyldi haldið á Vindheimamelum.

Samkvæmt lögum LH skal að lokinni ákvörðun um staðarval landsmóts ganga til samninga við samþykktan mótshaldara en staðarval ekki endurskoðað nema ef samningar náist ekki.

Fyrir liggur að hvorki stjórnir LH né Landsmóts ehf. hafa ráðist í eiginlegar samningaviðræður við Gullhyl en báður aðilar samþykktu að slíkar viðræður myndu hefjast að loknu landsmóti á Hellu sl. sumar. Fundir sem haldnir hafa verið aðila á milli hafa jafnframt verið jákvæðir og uppbyggilegir og menn sammála um hvaða meginleiðir skuli fara í vinnutilhögun við upphaf samningaviðræðna. Þá



hefur verið ritað undir viljayfirlýsingu aðila á milli um að halda mótið og stjórn LH hefur bókað í fundargerðum um jákvæðan anda fólks gagnvart landsmóti á Vindheimamelum sumarið 2016.

Engir efnislegar forsendur hafa því komið fram sem rökstyðja með góðu móti að brjóta beri lög LH jafnframt því sem hætt er við að hreyfing hestamanna í landinu klofni í herðar niður ef ástunduð eru svo óheiðarleg vinnubrögð sem raun ber vitni.